

Fundur stjórnar 26. júní með Erindi og formanni fræðslunefndar Mosfellsbæjar

Mættir: Jón, Sigríður, Rakel, Helga, Elfa, Björg frá Erindi og Kolbrún form. fræðslunefndar.

Stjórn Foreldrafélagsins er mjög umhugað um verkefni um bættan skólabrag sem er tilkomið vegna áhyggja foreldra af líðan barna og starfsmanna. Óskað var eftir fundi með ráðgjafa Erindis og formanni fræðslunefndar til að vera upplýst um áform og tryggja eftirfylgni.

Tillögur Erindis

Yfirllestur eineltisáætlunnar: Ný eineltisáætlun skólans liggur fyrir og byggir hún á eineltisáætlun frá Vestmannaeyjum. Erindi tók að sér að lesa yfir hana, koma með athugasemdir og gera tillögur til úrbóta. Þessi vinna er að mestu búin en verður væntanlega ekki kynnt fyrr en í ágúst að loknu sumarleyfi. Þá þarf að taka ákvörðun hvort áætlunin henti Varmárskóla, breytinga sé þörf eða hvort huga þurfi að nýrri áætlun. Rætt var um hvort ekki sé tímabært að Mosfellsbær móti sér stefnu í eineltismálum í stað þess að hver skóli sé með sína áætlun. Börn úr Krikaskóla fari t.d. eftir 4. bekk yfir í Varmárskóla og meirihluti barna æfir hjá Aftureldingu og því gott að vera samstíga. Formaður fræðslunefndar leggur til að talað sé um samskiptaáætlun í stað eineltisáætlunar og segir mikilvægt að gripið sé strax inn þegar samskiptaerfiðleikar koma upp svo þeir verði ekki að stórum og erfiðum málum.

Verkefnið Betri skólabragur fyrir alla árganga skólans:

- Verkefnið gengur út á að bæta skólabraginn, efla tengsl milli allra í skólasamfélaginu og að víkka sjóndeildarhring nemenda.
- Ráðgjöf og þjálfun starfshóps til að vinna markvisst með skólabrag í 2-3 vikur.
- Tveir nemendadagar: annar í upphafi og hinn við lok verkefnis en markviss vinna þess á milli alla dagana.
- Ráðgjafi kemur á staðinn báða nemendadagana til stuðnings og ráðgjafar.
- Innifalið er þjálfun starfshóps, námsefni og aðgangur að ráðgjafa á meðan verkefninu stendur.
- Í lokin er staðan metin og þörfin fyrir áframhaldandi vinnu t.d. ráðgjöf fyrir ákveðna nemendur, vinna með kennurum eða skólabragsnefnd.

Fræðsla: Samhliða vinnu nemenda og starfsfólks skólans myndi Erindi bjóða foreldrum upp á fræðslu sem endurspeglar þá vinnu sem unnið er að í skólanum.

Umfang verkefnis

Ráðgjafi Erindis sagði stuttlega frá verkefninu sem er fyrirhugað að fari af stað strax í skólabyrjun í ágúst og leggur áherslu á að innlegg Erindis sé aðeins fyrsta skrefið í vinnu að bættum skólabrag. Rætt er um mikilvægi þess að yfirfæra þekkingu svo starfsmenn skólans geti nýtt sér þetta verkfæri áfram og þróað á komandi árum. Að verkefni loknu verður tekin saman skýrsla sem verður m.a. kynnt stjórnendum, fræðslufirvöldum og stjórn foreldrafélagsins. Skýrslan dregur saman styrkleika/veikleika og verður notuð til að ákveða næstu skref um áframhaldandi vinnu, t.d. ráðgjöf fyrir ákveðna nemendur, handleiðsla fyrir kennara, aðstoð vinnusálfræðings eða skólabragsnefnd. Verður það sameiginlegt verkefni stjórnenda og fræðsluskrifstofu í samráði við fræðslunefnd.

Skipulag, undirbúningur og eftirfylgni

Til að vel takist til er mikilvægt að huga vel að undirbúningi. Undirbúningur Erindis er kominn vel á veg en stjórnendur eiga eftir að staðfesta verkefnadaga og tilnefna ábyrgðarmenn. Nauðsynlegt er að fylgja verkefninu eftir með margvíslegum hætti og benda foreldrar á að einn liður í því gæti verið uppbrot/ferðir til að efla bekkjarandann og skapa skemmtilegar minningar. Helstu hindranir í Varmárskóla eru að stjórnendum finnst vont að missa kennara úr húsi, kennarar séu misviljugir að fara með í ferðir og launakostnaður sé hár. Nauðsynlegt er að hugsa út fyrir kassann og leita lausna og eru foreldrar viljugir að leggja sitt af mörkum til að gera börnunum kleift að skapa fleiri dýrmætar minningar.

Næstu skref

Vellíðan barnanna og góð samskipti eru forsendan fyrir því að nám eigi sér stað. Betri skólabragur ætti því að einnig að skila sér í bættum námsárangri. Það er því til mikils að vinna og mikilvægt að tryggja eftirfylgni og stuðning til áframhaldandi eflingar á skólabrag sem verður verkefni næsta vetrar og komandi missera. Fræðslunefnd mun kalla eftir kynningu á verkefninu og styðja áframhaldandi vinnu. Foreldrar hafa áhyggjur af því að verkefnið sé umfangsminna en rætt var um í upphafi. Formaður fræðslunefndar fullvissar foreldra um að eftirfylgni verði góð og að kostnaður verði ekki hindrun enda mikilvægt að börnum og starfsmönnum líði vel á sínum vinnustað.